



15. desember 2020

### Aðgerðaráætlun um úrbætur á strætóstöðvum

Ítarleg úttekt á ástandi og aðgengi fyrir alla á strætóstoppistöðvum í Reykjavík, unnin af umhverfis- og skipulagssviði í samráði við ÖBÍ sumarið 2020, liggur nú fyrir.

Lagt var til við skipulags- og samgönguráð á fundi þess þann 11. nóvember 2020, að gert verði átak í úrbótum á strætóstoppistöðvum í Reykjavík á grundvelli úttektar á ástandi þeirra og aðgengi fyrir alla. Tillagan var samþykkt og var umhverfis- og skipulagssviði í samráði við aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík og hagsmunaaðila falið að vinna aðgerðaáætlun.

Tillaga að aðgerðaáætlun úrbóta á strætóstoppistöðvum verði lögð fyrir skipulags- og samgönguráð og aðgengis- og samráðsnefnd í febrúar 2021. Fjármagn í aðgerðaáætlun verði tryggt á fjárfestingaráætlun þegar hún liggur fyrir.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Bjarni Rúnar Ingvarsson  
Ráðgjafaverkfræðingur